

LANDSNET

RAFVÆDD FRAMTÍÐ Í TAKT
VIÐ SAMFÉLAGIÐ

ÞRÓUN Á UPPBYGGINGU FLUTNINGSGJALDSKRÁR LANDSNETS

ÁFANGI IIA 2020-2022
KOSTNAÐUR VIRKJANA

Apríl 2021

Inngangur

Fyrstu útfærslur á breytingu á uppbyggingu flutningsgjaldskrár Landsnets frá árinu 2007 liggja nú fyrir og snýr það að gjöldum virkjana.

Hér er farið yfir hlutverk flutningsgjaldskrár, af hverju það þarf að endurskoða uppbyggingu flutningsgjaldskrárinnar, hvaða atriði þarf að endurskoða og hvaða þátta þarf að horfa til við hönnun á gjaldskránni.

Mikilvægt er að flutningsgjaldskráin þjóni tilgangi sínum og hlutverki og aðlagist framtíðaráskorunum.

Við erum hvergi nærri búin eftir þessar fyrstu breytingar og eru einnig upplýsingar um hvaða verkefni er næst á dagskrá og hvenær er áætlað að það hefjist. Ekki er farið sérstaklega í það hér.

Markmiðinu hér er ætlað að draga fram þörfina og útfærsluna á breytingunum á einfaldan og skýran máta. Ítarlegri gögn er að finna á heimasíðu Landsnets.

Orkustefna Íslands

Framtíðarsýn 2050

Ísland er land hreinnar orku þar sem öll orkuframleiðsla er af endurnýjanlegum uppruna. Orkuframleiðsla gegnir grundvallarhlutverki í baráttunni gegn lofslagsvánni. Orkan er nýtt með sjálfbærum hætti samfélagi og almenningi til hagsbóta. Allri orkupörf er mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma. Landið er leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu, orkuskiptum, orkunýtni og skilvirkri fjölnýtingu orkugjafa. Sátt ríkir um vernd náttúru og nýtingu orkuaauðlinda enda umhverfisáhrif lágmörkuð.

Samfélagslegur ábati af orukauðlindum er hámarkaður og þjóðin nýtur ávinnings af því. Orkan er hreyfiafl fjölbreyttrar atvinnustarfsemi þar sem er jafn aðgangur á landsvísu að orku á samkeppnishæfu verði. Þjóðin býr yfir framúrskarandi þekkingu og framsækni í orkumálum sem skilar sér í gróskumikilli verðmæta- og nýsköpun.

Stefna Landsnets

Rafvædd framtíð í takt við samfélagið



Allar okkar áherslur miða að því að skapa samfélaginu, viðskiptavinum og eigendum okkar virði með tryggu afhendingaröryggi, hagkvæmum rekstri flutningskerfisins og háþróaðri nýtingu á raforku.

Til þess að styðja við það leggjum við megináherslu á þróun raforkumarkaðar, framsýna og skilvirka uppbyggingu raforkukerfisins og samfélagslega ábyrgð þar sem kolefnishlutleysi og lágmörkun umhverfisáhrifa er í fyrirrúmi.

Sveigjanleiki notkunar og nýsköpun á raforkumarkaði verða í lykilhlutverki til að gera okkur kleift að mæta áskorunum framtíðarinnar.

Samfélagið og viðskiptavinir gera miklar kröfur til okkar varðandi góða þjónustu, skilvirkan rekstur og stöðuga gjaldskrá.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og því fylgir mikil ábyrgð. Örugg afhending orku er mikilvægasta viðfangsefnið okkar.

Við erum þekkingarfyrirtæki og vinnustaðamenning okkar er metnaðarfull og framsækin.

Flutningsgjaldskrá Landsnets

er ætlað að vera stöðug og stuðla að hagkvæmu og skilvirku raforkukerfi

Hlutverk

- Flutningsgjaldskrár eru ein af lykilatriðum innri raforkumarkaðar.
- Innheimta tekjur í samræmi við þau tekjumörk sem flutningsfyrirtækinu eru sett.

Markmið

- Nýta auðlindir eins vel og mögulegt er, stuðla að ákjósanlegri uppbyggingu flutningskerfisins ásamt því að halda kostnaði niðri.
- Styðja við núverandi og framtíðar fyrirkomulag á markaði

Nýsköpun og nýjar þarfir

Alþjóðleg áhersla er á lofslagsmál og miklar tækniframfarir hafa orðið nú í hinni svokölluðu fjórðu iðnbyltingu. Orkumál eru loftslagsmál og raforkumarkaður er hátækni iðnaður. Raforkumarkaðurinn verður því fyrir áhrifum af ofangreindum drifkröftum.

Viðskiptavinum okkar hefur fjölgað um rúm 40% á síðastliðnum sex árum og er stærð og eðli þeirra fjölbreyttari en áður. Áhugi og áform stærri fyrirtækja er sambærilegur og síðustu ár og má sjá nýjan fjölbreyttari iðnað og framleiðslutækni ryðja sér til rúms.


Núverandi uppbygging á flutningsgjaldskrá Landsnets hefur verið óbreytt frá árinu 2007 og margt hefur breyst frá þeim tíma.

Vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á markaðsumhverfi raforku á Íslandi og þeirra breytinga sem eru væntanlegar er mikilvægt að meta hvort uppbygging á flutningsgjaldskrá Landsnets sé ákjósanleg og þjóni tilgangi sínum.

Markmið endurskoðunar

Markmið endurskoðunar á uppbyggingu gjaldskrárinnar er annars vegar að i) meta áskoranir tengdar gjaldskránni með hagsmunaaðilum og hins vegar að ii) meta þörf á nauðsynlegum breytingum til að tryggja að gjaldskráin þjóni tilgangi sínum og hlutverki og geti aðlagast framtíðaráskorunum.

Víðtæk þátttaka hagsmunaaðila hefur verið við að meta tækifæri og áskoranir við núverandi uppbyggingu á flutningsgjaldskránni. Við fengum einnig til liðs við okkur erlenda ráðgjafa frá ráðgjafafyrirtækinu AFRY til að veita ráðgjöf þar sem þau hafa reynslu og þekkingu á þróun flutningsgjalda.



Hönnun flutningsgjaldskrár

Við hönnun á flutningsgjaldskránni þarf að horfa til nokkurra þátta til að hún stuðli að hagkvæmu og skilvirku flutningskerfi. Þættirnir eru skilgreindir í fjölda erlendra greina og eru teknir saman hér til hægri.

Hönnun á flutningsgjaldskrá skal endurspegla fastan kostnað flutningskerfisins og skal veita viðeigandi hvata til bæði skemmri og lengri tíma litið til að auka skilvirkni flutningskerfisins.

Það er hins vegar ekki til hin eina rétta gjaldskrá fyrir öll flutningskerfi. Þvert á móti, þá eru gjaldskrár ólíkar í hverju landi og taka mið af sögulegum aðstæðum. Það er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir því að hönnun flutningsgjaldskrár kallar á “trade-off” milli ofangreindra þátta.

Flutningsgjaldskrá skal tryggja getu flutningskerfisins til að endurheimta kostnað til skemmri og lengri tíma

“cost-recovery”

Flutningsgjaldskrá skal vera hlutlaus þar sem ekki er verið að hygla t.d. einni tækni á kostnað annarar

“non-discriminatory”

Flutningsgjaldskrá skal endurspegla kostnaðinn sem mismunandi viðskiptavinir okkar bera ábyrgð á í flutningskerfinu, ásamt því að stuðla að hagkvæmni og skilvirkni til lengri tíma

“cost-reflective”


Flutningsgjaldskrá skal geta tekist á við framtíðarþróun á raforkumarkaði og vera gagnsæ

“robust and transparent”

Framtíðar þróunarverkefni

Greina þarf eftirfarandi þætti í núverandi flutningsgjaldskrá til að meta hvort þeir stuðli að skilvirkni og hagkvæmni raforkukerfisins.

Verkefnunum hefur verið forgangsraðað í samráði með hagaðilum og má sjá grófa tímalínu hér að neðan.



Aflgjald

Aflgjald notenda er reiknað út frá meðaltali fjögurra hæstu mánaðarafltoppa ársins. Meta þarf hvort það gefi ákjósanlega hvata.

Kostnaður virkjana

Virkjanir bera lítinn kostnað í dag og því þarf að meta hvort það endurspegli raunverulegan kostnað við innmötun

Notendaflokkar

Sama gjald er fyrir alla stórnotendur, óháð stærð, nýtingu eða eðli og kröfum.

Orkugjald


Gjald er innheimt fyrir orkunotkun notenda sem samsvarar um 20% af heildartekjum okkar.

Kerfisþjónusta

Landsnet kaupir þjónustu af framleiðendum til að uppfylla skyldur sínar um raforkuöryggi og gæði.

Kostnaður við að tengjast flutningskerfinu

Kostnaðurinn ræðst af því hversu mikið framtíðartekjur standa undir fjárfestingunni sem þarf að ráðast í.

The background of the slide features a light gray base with several diagonal stripes in a slightly darker shade of gray, running from the top right towards the bottom left.

Kostnaður virkjana

Áform og útfærsla á breytingu á
gjaldi virkjana

Kostnaður virkjana

2020-2022

Gefnar hafa verið út tvær skýrslur með nánari upplýsingum um kostnað virkjana og útfærslur á gjaldi virkjana og eru þær aðgengilegar á heimasíðu Landsnets.

Um 1% af tekjum Landsnets koma nú frá vinnsluaðilum í gegnum fast afhendingargjald sem ætlað er að mæta kostnaði við mælingar og annan fastan kostnað tengdan mælingum og reikningargerð.

Gjaldið tekur hins vegar ekki mið af kostnaði við fjárfestingar og kerfisstjórnun og veitir vinnsluaðilum því ekki merki um raunverulegan kostnað við innmötun á raforku. Skipting kostnaðar er því ekki sanngjörn sem getur leitt til óhagræðis til lengri tíma.

Áhætta er á enn frekari ósanngirni á skiptingu kostnaðar í flutningskerfinu þar sem stórnotendur, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, geta tengst flutningskerfinu um virkjun og fengið lægra flutningsgjald. Skilyrðin eru að raforkan sé ekki flutt eftir flutningskerfinu og flutningsfyrirtækið tekur ekki þátt í kostnaði við tengingu stórnotandans.

Kostnaður virkjana

Virkjanir bera lítinn kostnað í dag og því þarf að meta hvort hann endurspegli raunverulegan kostnað við innmötun.

Jafnræði vinnsluaðila óháð mismunandi framleiðslutækni, stærð og hvort þeir eru tengdir um flutningskerfi eða dreifiveitu er ekki náð með núverandi fyrirkomulagi.

Einnig er núverandi fyrirkomulag á gjaldskrá ekki í stakk búin til að takast á við framtíðarbreytingar og stuðla að jafnræði og gagnsæi kostnaðar með tilkomu fjölbreyttari vinnsluaðferða eins og t.d. vindlundum.

Áform og útfærsla á breytingu á gjaldi virkjana

2020-2022

Áformað er að færa hluta úttektargjalda notenda yfir á innmötunargjald virkjana til að gjaldið taki mið af kostnaði við fjárfestingar og veiti merki um raunverulegan kostnað við innmötun á raforku. Gjaldskráin fer þá aftur í fyrra horf frá því fyrir árið 2007.

Drifkraftur fjárfestinga í flutningskerfinu er aflþörf viðskiptavina okkar. Til að gefa merki um hvað endurspeglar fjárfestingaþörf og stuðla að hagkvæmni í flutningskerfinu er lagt til aflgjald fyrir virkjanir.

Breytingarnar gera það einnig að verkum að gjaldskráin verður betur undirbúin fyrir framtíðarbreytingar með fjölbreyttari framleiðslutækni.

Raunkostnaður við innmötun raforku er 13% af heildar eignastofni Landsnets.

Sá kostnaður verður innheimtur með innmötunargjaldi til virkjana í formi aflgjalds.

Innheimt verður eftir málafi virkjana þar sem fjárfest er fyrir þeirri stærð fyrir virkjanirnar.

Aflgjald virkjana verður um 6.020 USD og 736.567 ISK á MW. Um 80% verður innheimt í USD og um 20% í ISK fyrir hverja virkjun. Hluföllin endurspegla raunflutning. Endanleg gjöld liggja fyrir í nóvember 2021.

Breytingarnar munu taka gildi 1. janúar 2022.

Drög að breytingu á flutningsgjaldskrá má sjá á heimasíðu Landsnets.

Samráð er með viðskiptavinum okkar að breytingunum og innleiðingu hennar til að lágmarka áhættu hagaðila og stuðla að því að yfirfærslan gangi vel fyrir sig.

Áhrif breytinga á stórnotendur og dreifiveitur

2020-2022

Með upptöku innmötunargjalds á virkjanir er verið að færa hluta úttektargjalda notenda yfir á framleiðendur og mun því úttektargjald notenda lækka samhliða upptöku innmötunargjalds virkjana.

Miðað við forsendur í apríl 2021 lækka gjöld til dreifiveitna og vegna skerðanlegs flutnings um -5% og gjöld til stórnotenda um -7%. Endanleg gjöld liggja fyrir í nóvember 2021.

Áframhaldandi endurskoðun

Notendaflokkar

Haust 2021

Áætlað er að vinna áfram með verkefni haustið 2021 varðandi notendaflokka og tengist það óhjákvæmilega verkefnunum um afl- og orkugjald. Einnig verður farið í að skoða afhendingaröryggi.

Markmiðið er að aðlaga gjaldskránnu að fjölbreyttari hóp viðskiptavina okkar og tryggja að gjaldskráin þjóni tilgangi sínum og hlutverki og geti aðlagast framtíðaráskorunum á raforkumarkaði.

Notendaflokkar

Sama gjald er fyrir alla stórnotendur, óháð stærð, nýtingu eða eðli og kröfum.

Aflgjald

Aflgjald notenda er reiknað út frá meðaltali fjögurra hæstu mánaðarafltoppa ársins. Meta þarf hvort það gefi ákjósanlega hvata.

Orkugjald

Gjald er innheimt fyrir orkunotkun notenda sem samsvarar um 20% af heildartekjum okkar.

LANDSNET

www.landsnet.is